

# **SAMSTARFSSAMNINGUR**

## **Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur, f.h. íþróttafélaga í Reykjavík**

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, og Íþróttabandalag Reykjavíkur (hér eftir nefnt ÍBR), kt. 670169-1709, f.h. aðildarfélaga sinna, hér eftir nefndir samningsaðilar, gera með sér eftirfarandi samstarfssamning. Samningurinn kveður á um samskiptamál, styrkveitingar, rekstur, framkvæmdir og önnur sameiginleg hagsmunamál.

### **1. gr.**

Markmið samningsins er að efla tengsl aðila til að íþróttastarf í Reykjavík verði áfram kraftmikið, borgarbúum til heilla. Í því felst að skapa sem bestar aðstæður til að reka starfsemi sem tryggir borgarbúum öflugt íþróttastarf, einkum í barna- og ungingastarfi en einnig í afreksíþróttastarfi og almenningsíþróttum.

### **2. gr.**

Íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt ÍTR) og stjórn ÍBR annast framgang samnings þessa. Framkvæmdastjórar og skrifstofur þessara aðila annast dagleg samskipti aðila. Aðalstjórnir íþróttafélaganna fara með réttindi og skyldur viðkomandi félags í samningi þessum f.h. félaganna. Aðalstjórn hvers íþróttafélags ábyrgist þá þjónustu sem samningur þessi mælir fyrir um og gerir jafnframt grein fyrir fjármálum félagsins í samræmi við ákvæði samnings þessa.

### **3. gr.**


Formaður/framkvæmdastjóri íþróttafélags er í forsvari fyrir aðalstjórn félagsins varðandi samning þennan og fyrirsvarsmaður gagnvart ÍBR, ÍTR og Reykjavíkurborg. Fulltrúi stjórnar íþróttafélagsins, tekur þátt í að samræma starf þeirra aðila í hverfinu sem vinna að íþróttá- og tómstundamálum. Má þar nefna frístundamiðstöð, lögreglu, skóla, önnur æskulýðssamtök og þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar og fleiri.

### **4. gr.**

Íþróttafélögini reka ýmiskonar íþróttá- og félagsstarf í þeim íþróttareinum sem í boði eru hjá viðkomandi félögum. Til að halda utan um þetta starf, skipulagningu þess og þjónustu við iðkendur og foreldra greiðir Reykjavíkurborg styrki skv. nánari sundurliðun sbr. 21. gr. þessa samnings.

Íþróttafélögini halda úti æfingum fyrir börn, unginga og afreksfólk. Félögini kappkosta að bjóða vel skipulagða og vandaða þjálfun þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa einstaklinga eins og kostur er.

Þjálfarakostnaður félaganna í barna- og ungingastarfi verður skoðaður sérstaklega í samvinnu ÍBR, íþróttafélaganna og Reykjavíkurborgar. Vinna við þá skoðun hefst árið 2017 og gert er ráð fyrir að henni verði lokið vorið 2018.



### **5. gr.**

Áhersla verður lögð á að fylgja *Stefnu í íþróttamálum í Reykjavík 2012-2020*. Þau verkefni sem þar koma fram verða unnin í samráði við ÍBR og ÍTR.

Stefnt er að því að sem flest íþróttafélög í Reykjavík fái gæðaviðurkenninguna fyrirmynndarfélag ÍSÍ.

### **6. gr.**

Íþróttafélögin eru aðilar að Frístundakorti ÍTR og gera um það sérstakan samning við ÍTR. Frístundakortið er nú 50.000 kr. á ári.

ÍBR og íþróttafélögin mnu leita allra leiða til að vinna gegn því að efnahagsleg staða barna og fjölskyldna þeirra ráði því hvort börn og ungmenni geti tekið þátt í skipulögðu íþróttastarf. Meðal annars verði skoðað hvort veita megi systyknaafslætti til barnmargra fjölskyldna og setja upp skipimarkaði á fatnaði og búnaði sem börn eru hætt að nota, auk annarra leiða að þessu markmiði. ÍBR og ÍTR vinni í samvinnu við félögin að gerð tillagna í þessu verkefni.

### **7. gr.**

Til að liðka fyrir samfelldum skóladegi barna mun Reykjavíkurborg styrkja íþróttafélögin til að halda úti svokölluðum frístundaakstri. Fjárveiting vegna þessa er háð fjárveitingu Reykjavíkurborgar ár hvert. Fjárveitingin verði flutt til ÍBR sem annast útdeilingu styrkja til íþróttafélaga samkvæmt nánara samkomulagi við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt SFS) og ÍTR.

Í þeim tilvikum sem íþróttafélög taka á móti börnum úr frístundaheimilum vegna íþróttæfinga greiðir Reykjavíkurborg gjald vegna útlagðs kostnaðar og aðstöðu við gæslu barna samkvæmt nánari reglum þar um milli viðkomandi íþróttafélags, SFS og ÍTR.

### **8. gr.**

Íþróttafélögin hafa aðstöðu í íþróttamannvirkjum sem þau eiga og/eða reka sjálf og/eða í mannvirkjum sem Reykjavíkurborg á eða hefur gert samninga um leigu á. ÍBR úthlutar íþróttafélögunum æfingatínum í mannvirkjum í samræmi við reglur ÍTR og ÍBR. Styrkur til íþróttafélaganna er reiknaður vegna afnota þeirra af borgarmannvirkjum. Um mannvirki sem íþróttafélögin reka verður nánar kveðið á um í viðaukum fyrir hveit félag. Íþróttafélögunum ber að fullnýta eigin mannvirki áður en til úthlutunar á tínum í borgarmannvirkjum eða öðrum mannvirkjum kemur til.

### **9. gr.**

Til að jafna aðstöðu íþróttagreina skal stefnt að því að auka styrki vegna þeirra mannvirkja sem eru í notkun allt árið um kring en hafa til þessa ekki fengið styrki í samræmi við það. Einkum er hér átt við mannvirki íþróttafélaga sem eiga og/eða reka eigin hús en einnig stærri íþróttahús skóla borgarinnar sem mest er þörf á að nýta yfir sumartímann sem og önnur mannvirki sem borgin á eða hefur gert samninga um notkun.



ÍBR og ÍTR munu rýna launakostnað vegna þeirra mannvirkja, sem eru í eigu og rekstri einstakra félaga.

Einnig skal skoða sérstaklega fjölda æfinga og vikufjölda í einstaka íþróttagreinum og mannvirkjum. Vinnuhópur ÍBR, íþróttafélaga og ÍTR skal skila skýrslu fyrir árslok 2017 til stjórna ÍBR og ÍTR.

#### **10. gr.**

Í til að fyrirbyggja slys og fylgja öryggiskröfum samkvæmt lögum og reglugerðum munu íþróttafélögin ávallt sjá til þess að mannvíki sem þau sjálf reka, auk annars búnaðar, séu í góðu ásigkomulagi. Íþróttafélögin skulu tilkynna ÍTR og/eða ÍBR um þörf á úrbótum í þeim mannvirkjum sem þau nota og eru í eigu Reykjavíkurborgar eða hafa verið tekin á leigu af borginni.

Íþróttafélögin skulu hafa í gildi ábyrgðartryggingar sem bæta starfsmönnum, iðkendum og gestum tjón sem íþróttafélögin eru bótaskyld fyrir.

ÍBR mun standa fyrir námskeiðum til aukinnar menntunar starfsmanna íþróttamannvirkja s.s. skyndihjálp, öryggismál, siðamál o.fl.

#### **11. gr.**

Meiri háttar viðhald íþróttamannvirkja sem eru í eigu íþróttafélaga verður styrkt af Reykjavíkurborg samkvæmt mati úthlutunarnefndar. Reykjavíkurborg mun gera upp ógreidda styrki til íþróttafélaga vegna viðhaldsverkefna á árunum 2007-2016 skv. sérstökum samningi við viðkomandi félög á árunum 2017 og 2018.

Sækja skal fyrirfram um styrkveitingu til ÍTR vegna meiri háttar viðhalds- og endurbótaverkefna í íþróttamannvirkjum í eigu félaganna. Styrkveitingar til slíkra verkefna eru ætíð háðar því að þær rúmist innan fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar.

Skipuð skal úthlutunarnefnd með einum fulltrúa ÍTR, einum fulltrúa ÍBR og einum fulltrúa sviðs eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt SEA) sem skulu fara yfir umsóknir um styrki vegna viðhalds skv. 11. gr. Skulu þeir leggja mat á hvort um meiri háttar viðhald sé að ræða og gera tillögur um úthlutun hvers árs til íþróttu- og tómstundaráðs og borgarráðs.

#### **12. gr.**

Hvert hverfisfélag skal hafa einn íþróttafulltrúa í fullu starfi og fær félagið styrk til að standa straum af kostnaði vegna þess. Íþróttafulltrúi skal hafa háskólamenntun á sviði uppeldis-, íþróttu- og/eða tómstundamála. Íþróttafulltrúi skal sinna innra starfi félagsins og taka þátt í að samhæfa íþróttu-, æskulýðs- og tómstundastarf í hveifi íþróttafélagsins í samstarfi við aðra er sinna slíku starfi. Ráðning íþróttafulltrúa skal fara fram í samráði við ÍBR.



### **13. gr.**

ÍBR og íþróttafélögin skulu sjá til þess að konur og karlar njóti jafnra tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir. Þau skulu hafa virka jafnréttisstefnu og siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar. ÍBR og íþróttafélögin skulu kynna sér stefnumótun Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og forvarnarmálum.

Á samningstímanum verðui unnið að því að íþróttafélögin bjóði eldri borgurum aukna þjónustu í sínum mannvirkjum.

### **14. gr.**

Reykjavíkurborg styrkir afreksíþróttastarf félaganna með því að gera þeim kleift að nota aðstöðu í borginni. Á árinu 2017 verði hafin vinna, á vegum ÍTR og ÍBR, við að móta afreksstefnu fyrir íþróttastarf í Reykjavík og stefnt að því að þeirri vinnu verði lokið í upphafi árs 2018.

### **15. gr.**

Reykjavíkurborg veitir íþróttafélögum sem halda sumarnámskeið sömu kjör og sumarnámskeiðum sem haldin eru á vegum borgarinnar hvað varðar aðgangseyri í sundlaugar Reykjavíkurborgar, aðgangseyri í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og annað álika.

### **16. gr.**

Íþróttafélögin skulu fyrir 1. október ár hvert leggja fram áætlun fyrir ÍTR og ÍBR um íþróttastarf og áherslur á næstkomandi ári. Í áætluninni skulu koma fram markmið um starfsemina ásamt leiðum að þeim og helstu áherslur á samningstímabilinu. Einnig skal gerð grein fyrir hvernig árangur verði metinn. Samvinna skal vera á milli íþróttafélaga, ÍBR og ÍTR um gerð slískrar áætlunar.

ÍTR og ÍBR taka síðan afstöðu til markmiða, mælikvarða og forgangsröðunar verkefna sem koma fram í tillögum íþróttafélagna.

### **17. gr.**

ÍTR og ÍBR annast greiðslur og uppgjör við íþróttafélögin. ÍBR skal í samvinnu við ÍTR gera áætlun um og skilgreina hvað greitt er til hvers félags í samræmi við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. ÍTR heldur eftir fjármunum vegna greiðslu félaganna á fasteignagjöldum og lóðarleigu af eignum félaganna til Reykjavíkurborgar.

Skilyrði fyrir styrkveitingum er að íþróttafélag hafi staðið skil á ársreikningi og starfsskýrslum í samræmi við lög ÍBR og fylgt reglugerðum ÍTR og ÍBR. Ársreikningar skulu settir fram með þeim samræmda hætti sem samþykktur hefur verið á þingi ÍBR auk þess sem ársreikningur skal vera aðgengilegur á heimasíðu íþróttafélags. Uppfylli íþróttafélag ekki skilyrði fyrir styrkveitingum hafa ÍBR og ÍTR heimild til að stöðva greiðslur til þess. Reykjavíkurborg er heimilt að óska eftir upplýsingum um greiðslustöðu íþróttafélaga hjá Orkuveitu Reykjavíkur.



Ef sýnt þykir að framlag borgarinnar hafi verið nýtt í öðru skyni en samkvæmt samningi og greiðsluáætlun áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefja viðkomandi íþróttafélag endurgreiðslu á framlögum og eftir atvikum rifta samningnum hvað varðar viðkomandi félag.

ÍBR og íþróttafélögin skulu skila ÍTR greinargerð um framkvæmd samningsins og ráðstöfun framlaga Reykjavíkurborgar. Greinargerðin skal berast eigi síðar en 15. mars ár hvert.

#### **18. gr.**

Til að styðja og efla íþróttastarf í Reykjavík styrkir Reykjavíkurborg ÍBR til skrifstofureksturs og þjónustu. Í þjónustunni felst úthlutun tíma í íþróttahúsum, úthlutun greiðslna fyrir tímanotkun íþróttafélaga og úthlutun ferðastyrkja. Þá tekur ÍBR að sér ýmis verkefni tengd íþróttastarfi svo sem að vinna að framgangi íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík með kynningu og markaðssetningu og sjá um framkvæmd íþróttaviðburða, þátttöku Reykjavíkur í alþjóðlegum íþróttaviðburðum s.s. Alþjóðaleikum ungmenna, Grunnskólamóti Höfuðborga Norðurlanda og heilsueflingu fyrir aldraða. ÍBR mun hafa eftirlit með starfsemi íþróttafélaganna, veita þeim faglega ráðgjöf og stuðning. ÍBR aðstoðar íþróttafélögin og sériáðin við mótaðald og skipulagningu annarra íþróttaviðburða. ÍBR skal vinna að því að efla jákvæða ímynd íþróttar og heilbrigðs lífennis og skal stuðla að aukinni þátttöku íbúa Reykjavíkur í íþróttum.

#### **19. gr.**

Íþróttamannvirki í eigu Reykjavíkurborgar, sem notuð eru til starfsemi á vegum skólanna, standa íþróttafélögum til afnota utan hins hefðbundna skólatíma. ÍTR tekur þessi mannvirkir á leigu af SFS og ráðstafar þeim til ÍBR. Í samræmi við reglur ÍTR og ÍBR um æfingar og keppni úthlutar ÍBR tímum til félaganna en þeim tímum sem eftir eru er ÍBR heimilt að leigja út til almennings, fyrirtækja og annarra, sem stunda vilja íþróttir. Rekstrarafgangur af slíkri leigu skal renna óskertur til reksturs ÍBR.

Á árinu 2017 verður unnið að sérstakri úttekt á rekstrarfyrirkomulagi íþróttahúsa skólanna varðandi tíma til félaga og almennings og gerður verður samningur milli SFS og ÍTR vegna þessara mannvirkja.

#### **20. gr.**

Reykjavíkurborg mun á samningstímanum leggja fram áætlun um uppbyggingu íþróttamannvirkja í borginni á næstu árum.

#### **21. gr.**

Reykjavíkurborg mun í fjárhagsáætlun hverju sinni gera ráð fyrir styrkjum til ÍBR og íþróttafélaga, en styrkir þessir eru greiddir íþróttafélögum í gegnum ÍBR, nema styrkir vegna framkvæmda og viðhalds og reksturs borgarmannvirkja og mannvirkja sem Reykjavíkurborg leigir af öðrum aðilum. Styrkveitingar eru þessar:



1. Styrkur vegna húsaleigu og æfingastyrkja félaganna samkvæmt reglum ÍBR og ÍTR. ÍTR heldur eftir hlut félaganna vegna fasteignaskatta og greiðir til fjármálaskrifstofu sbr. 8. og 17. gr. Fjárveiting 2017: kr. 646.927.000,-
2. Styrkur vegna íþróttafulltrúa og þjónustu félaga sbr. 12. og 17. gr. Fjárveiting 2017: kr. 176.502.000,-
3. Styrkur til viðhaldsverkefna og framkvæmda samkvæmt samningum þar að lútandi, sbr. 11. gr. Fjárveiting 2017 vegna viðhaldsverkefna og vegna uppgjörs eldri viðhaldsverkefna: kr. 73.400.000,-
4. Styrkir til reksturs skrifstofu ÍBR sbr. 18. gr., reksturs sérráða innan ÍBR, ferðastyrkir, viðburðahalds, þátttöku í Grunnskólamóti höfuðborga Norðurlanda, Alþjóðaleikum ungmenna, o.fl. Fjárveiting 2017: kr. 57.500.000,-.
5. Styrkur vegna afnota félaganna af mannvirkjum ÍTR, skóla, Egilshöll, Keiluhöll, Laugardalshöll, Laugardalsvelli, Fylkisseli o.fl. er kr. 1.281.121.000,-. ÍTR annast uppgjör á húsaleigu og æfingastyrkjum í þessum mannvirkjum skv. 19. gr.
6. Frístundastrætó alls kr. 20.400.000,-

Alls fjárveiting vegna 2017: kr. 2.255.850.000,- sbr. fsk.

Fjárhæðir samkvæmt samningi þessum skulu verðbætast frá undirritun samningsins allt til greiðsludags þeirra. Þegar fjárhæð samkvæmt samningi þessum eru greidd skal helmingur hennar verðbættur samkvæmt neysluvísitölu og helmingur hennar samkvæmt launavísitölu.

Fjárveitingar vegna áranna 2018 og 2019 eru háðar því að þær verði samþykktar í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

#### **22. gr.**

ÍTR, f.h. Reykjavíkurborgar, og ÍBR gera með sér samkomulag um greiðslur og aðra framkvæmd vegna húsaleigu- og æfingastyrkja fyrir hvert fjárhagsár, sem lagt skal fyrir stjórnir ÍTR og ÍBR að aflokinni samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar hvers árs. ÍTR mun annast öll fjárhagsleg samskipti milli Reykjavíkurborgar og ÍBR.

#### **23. gr.**

Samningsaðilar eru sammála um að til að auka og efla samskipti sín á milli hafi ÍTR og ÍBR rétt á áheyrnarfulltrúa, með málfrelsi og tillögurétt, á stjórnarfundum ÍBR og fundum ÍTR. Jafnframt eru samningsaðilar sammála um að vinna að því sameiginlega markmiði að efla Reykjavík sem íþróttaborg í samræmi við *Stefnu i íþróttamálum í Reykjavík 2012-2020*.

ÍBR og íþróttafélögin skulu upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að þau njóti styrkja frá Reykjavíkurborg.

ÍBR og íþróttafélögin skulu gera ÍTR grein fyrir, sé þess óskað, með hvaða hætti styrkveiting Reykjavíkurborgar sé nýtt hverju sinni.



**24. gr.**

Samningur þessi gildir til ársloka árið 2019. Heimilt er að endurskoða samning þennan eða fella úr gildi verði verulegar breytingar á umfangi rekstrar eða ef forsendur fyrir rekstri íþróttamannvirkjanna breytast. Gert er ráð fyrir að samningur þessi verði tekinn til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir. Endurskoðun þessa samnings skal þó fara fram eigi síðar en 1. apríl 2019 og mat lagt á árangur samstarfs liðinna ára og á framhald samnings.


**25. gr.**

Rísi ágreiningur út af samningi þessum skulu aðilar skipa sinn hvorn fulltrúa í sáttanefnd og koma sér saman um hlutlausán oddamann. Nefndin skal skera úr ágreiningi og er úrskurður hennar endanlegur.


Samningur þessi er sex (7) tölusettar blaðsíður og gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvern aðila.

Reykjavík, 14. desember 2016

F.h. Reykjavíkurborgar



F.h. Íþróttabandalags Reykjavíkur  
F.h. íþróttafélaga með aðild að ÍBR



Samþykkt í borgarráði 27. okóber 2016.

Fsk

Stefna í íþróttamálum í Reykjavík 2012-2020  
Reglur um húsaleigu- og æfingastyrki  
Stykjareglur Reykjavíkurborgar